

Svar

umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni
um rekjanleika í tölvukerfum ráðuneytisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Er rekjanleiki fyrir hendi í einhverjum þeirra tölvukerfa sem ráðuneytið notar og er haldin „log“-skrá hjá ráðuneytinu?*
2. *Hvernig er haldið utan um sögu aðgerða notenda í kerfunum, t.d. um það hvað notendur skrá, breyta eða skoða?*

Rekstur gagna- og upplýsingakerfa ráðuneytisins er í höndum Rekstrarfélags Stjórnarráðsins sem er starfseining innan Stjórnarráðs Íslands. Til þess rekstrar heyra margs konar tölvukerfi, svo sem málaskrárkerfi, skjalakerfi og ýmiss konar gagnagrunnar. Til staðar eru eftirlitskerfi og þar á meðal „log“-skár sem nýtast þegar skoða þarf rekjanleika upplýsinga sem eru í tölvukerfunum þar sem m.a. er hægt að skoða aðkomu einstaklinga að tilteknum skjölum og póstsendingum. Af öryggisástæðum er ekki unnt að tilgreina nánar með hvaða hætti þessi eftirlitskerfi starfa.